

Umhverfisstofnun
Drífa Gústafsdóttir
sérfræðingur
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. ágúst 2012
2012080002/42-0
TB,SHM
jgo/tb

Beit í friðlandi við Varmárósa

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 7. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk Hestamannafélagsins Harðar til að nýta beitarhólf sunnan megin í friðlandinu við Varmárósa.


Út frá þeim gögnum sem Náttúrufræðistofnun hefur undir höndum er mjög erfitt að átta sig á hvar umrædd beitarhólf eru nákvæmlega. Ef miðað er við innsenda mynd þá er um að ræða nokkuð stóran hluta af friðlandinu. Í bréfi frá Hestamannafélaginu Herði kemur fram að beit hafi verið á umræddu svæði í mörg ár. Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tækifæri til að skoða beitaráhrif á vettvangi. Samkvæmt auglýsingu nr. 506/1987 er beit búfjár óheimil í friðlandinu og hafa þeir skilmálar væntanlega verið settir til að verja náttúrulegt gróðurfar í friðlandinu. Undanþága frá framangreindum skilmálum hefur því líklega verið veitt á einhverjum tímamarki? Til þess að fitjasef fái þrifist þarf jarðvegur að vera næringarríkur, rakur og ekki spillir að einhver selta sé til staðar.

Að því tilskyldu að þess sé vandlega gætt að beit og traðk sem því fylgir sé ekki of mikið og beitin ekki inn á búsvæðum fitjasefsins telur Náttúrufræðistofnun að beit í ár til 10. september muni ekki skaða friðlandið varanlega eða umfram það sem áður hefur verið. Náttúrufræðistofnun telur þó eðlilegast að framvegis verði farið að friðlýsingarskilmálum sbr. lið 3 í framangreindri auglýsingu. Ef veita á undanþágu til beitar verður framvegis að skoða það vandlega m.t.t. vistfræði friðlandsins og verndarmarkmiða.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

